

Endurskoðun reglna um greinarmerkjasetningu – skýrsla fyrir Íslenska málnefnd

Jóhannes B. Sigtryggsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2 Yfirlit	4
2.1 Kaflar í auglýsingunni 1974 og ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006)	4
2.2 Tillögur um kafla í nýjum reglum um greinarmerki.....	5
3 Einstök greinarmerki – umfang endurskoðunar.....	5
4 Álitamál í sambandi við kommuetningu	7
4.1.....	7
4.2 Álitamál.....	8
(1) Valkvæð komma á milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttar.....	8
(2) Komma á undan sumum eða öllum aðaltengingum	9
(3) Kommur til að afmarka innskotssetningar.....	9
(4) Komma til að afmarka málsgreinar sem hefjast á aukatengingu.....	12
(5) Hlékomma, skýrleikakomma.....	12
5 Yfirlit yfir álitamál	13
6 Lokaorð	14
Viðauki: Opinberar reglur um kommuetningu í norsku.....	15

1. Inngangur

Á vegum Íslenskrar málnefndar störfuðu vinnuhópar árin 2009–2015 að endurskoðun íslenskra ritreglna í samræmi við hlutverk málnefndarinnar á þessu sviði, sbr. 6. gr. laga nr. 61/2011.¹ Íslensk málnefnd skilaði drögum að nýjum ritreglum nefndarinnar til mennta- og menningarmálaráðuneytis 5. apríl 2016. Ráðuneytið gaf ritreglurnar út síðasta sumar: Auglýsing um setningu íslenskra ritreglna (nr. 695, 6. júní 2016): <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf>

Auk þess að semja stafsetningarreglur sömdu vinnuhópar Íslenskrar málnefndar um endurskoðun ritreglna drög að kafla um kommur (sjá bls. 86–91 í *Drögum að endurskoðuðum íslenskum ritreglum*. Skýrsla til Íslenskrar málnefndar 23. ágúst 2015: <http://islenskan.is/images/islenskar-ritreglur-drog-2015.pdf>). Ekki voru hins vegar samin drög að heildarreglum um greinarmerki þótt þau falli ótvírætt undir ritreglur og kafla um

¹ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.“

kommur var sleppt úr þeirri gerð nýrra ritreglna sem auglýst var af ráðuneyti.² Auglýsing um greinarmerkjasetningu nr. 133/1974, með innfelldum breytingum nr. 184/1977 er því enn í gildi og það sem stendur í ritreglum *Stafsetningarorðabókar* (2006:711–734) sem byggjast á auglýsingunni.

Æskilegt væri að mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsti einnig nýjar reglur Íslenskrar málnefndar um greinarmerkjasetningu þannig að leysa megi alveg af hólmi auglýsinguna frá 1974 og heildarsvipur fái st yfir reglur um stafsetningu og greinarmerki. Íslensk málnefnd fjallaði m.a. um nauðsyn þessa á fundi 7. júní 2016.³

Í þessari skýrslu geri ég tilraun til að áætla umfang vinnu við að semja nýjar reglur um greinarmerki. Í stuttu máli legg ég til að kaflar um greinarmerki í ritreglum *Stafsetningarorðabókar* (2006) verði að mestu leyti hafðir sem grunnur fyrir nýjar reglur. Lögð var mikil vinna á þeim tíma í endurskoðun á reglum um greinarmerki og sérstaklega var bætt við fjölda dæma. Þessar reglur hafa einnig þann kost að hafa verið samþykktar árið 2004 af stjórn Íslenskrar málnefndar.⁴ Auk þess eru í *Handbók um íslensku* (2011, Jóhannes B. Sigtryggsson ritstj.) kaflar um öll helstu greinarmerki. Þeir byggjast að mestu á ritreglum *Stafsetningarorðabókar* (2006) en voru þó endurskoðaðir og bætt hefur verið við efni. Þeir ættu því einnig að geta nýst sem góður grunnur fyrir nýjar reglur um greinarmerki. Útlit og skipulag kafla um greinarmerki yrði lagað að útliti ritreglna ÍM (2016)(sjá <http://islenskan.is/images/ritreglur-IM-2016.pdf>).

Ekki er þörf á því að umbylta reglum um greinarmerki þótt ýmislegt megi skýra betur í núverandi reglum og fara yfir dæmi. Það er helst þörf á að breyta reglum um kommur því að það hefur aldrei ríkt full sátt um reglur um þær frá 1974 og hvorki þær né aðrar kommureglur hafa verið kenndar skipulega í skólum.

Í yfirlitinu hér á eftir fer ég fyrst (2. kafli) yfir kaflaskiptingu í fyrri reglum um greinarmerki og legg til heppilega kaflaskiptingu. Því næst (3. kafli) tek ég fyrir einstaka kafla og reyni að meta umfang endurskoðunar. Fjallað er í sérkafla (4. kafli) um kommusetningu og ýmis álitamál sem þar koma upp.

² Fjallað var um drögin í heild á fundi Íslenskrar málnefndar 27. ágúst 2015. Í fundargerð (sjá <http://islenskan.is/images/Fundargerdir/Islenk-malnefnd-1-2015.pdf>) er þess ekki getið að rætt hafi verið sérstaklega um kommureglurnar.

³ Sjá <http://islenskan.is/images/Fundargerdir/Islenk-malnefnd-1-2016.pdf>.

⁴ Dóra Hafsteinsdóttir: „[...] tók starfsfólk Íslenskrar málstöðvar saman drög að ritreglum til birtingar í fyrirhugaðri stafsetningarorðabók og lagði fyrir stjórn Íslenskrar málnefndar sem síðan samþykkti drögin í desember 2004.“ Formáli. 2006. *Stafsetningarorðabókin*, bls. 8.

2 Yfirlit

2.1 Kaflar í auglýsingunni 1974 og ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006)

Til glöggvunar fer hér á eftir yfirlit yfir kafla um greinarmerki í auglýsingunni 1974 og í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006). Kaflaskipting er í meginatriðum svipuð.

Auglýsing um greinarmerkjasetningu 1974 nr. 133/1974. Yfirlit yfir kafla:

2. kafli. Um punkt
3. kafli. Um kommur
4. kafli. Önnur greinarmerki
Semíkomma
Tvípunktur
Gæsalappir
Afstaða annarra lesmerkja til gæsalappa o. fl.
Undirstrikun – skáletur
Spurningarmerki
Upphrópunarmerki
Svigar og hornklofar
Úrfellingarmerki
Strik
Bugða
Band

Ritreglur (í Stafsetningarorðabókinni 2006:711–734):

XIII. Bandstrik
XIX. Strik
XV. Punktur
XVI. Úrfellingarpunktar
XVII. Úrfellingarmerki
XVIII. Komma
XIX. Semikomma
XX. Tvípunktur
XXI. Spurningarmerki
XXII. Upphrópunarmerki
XXIII. Svigar og hornklofar
XXIV. Skástrik
XXV. Tilvitnunarmerki (gæsalappir)
XXVI. Afstaða tilvitnunarmerkja og sviga til annarra greinarmerkja

2.2 Tillögur um kafla í nýjum reglum um greinarmerki

Ég legg til að mikilvægustu kaflarnar um greinarmerkjasetningu, þ.e. um punkt og kommu, verði hafðir fremst í reglunum. Þetta er í samræmi við ritreglur ÍM frá í fyrra þar sem veigamestu kaflarnir, þ.e. um stóran og lítinn staf og eitt orð eða fleiri voru hafðir fremst. Aðrir kaflar verði í stafrófsröð nema kafla um afstöðu tilvitnunarkerkja og sviga til annarra greinarmerkja sem verði hafður aftast.

1. Komma
2. Punktur
3. Semikomma
4. Skástrik
5. Spurningarmerki
6. Strik
7. Svigar og klofar
8. Tilvitnunarkerki (gæsalappir)
9. Tvípunktur
10. Upphrópunarmerki
11. Úrfellingarkerki og -punktar
12. Afstaða tilvitnunarkerkja og sviga til annarra greinarmerkja
13. Orðskipting

3 Einstök greinarmerki – umfang endurskoðunar

Punktur

Hér á eftir fer stutt umfjöllun um einstaka kafla.

Fjalla þarf um hvort eigi að vera bil á eftir punkti í ýmsum aðstæðum, t.d. í dagsetningum, skammstöfunum o.s.frv. Málnefndin þyrfti að taka afstöðu til þess hvort bil eigi að vera í talnadagsetningum, t.d. *12.10.2017* eða *12. 10. 2017*.

Ítarleg umfjöllun þarf að vera um skammstafanir. Málnefndin þyrfti gjarna að ræða hvort hugsanlega ætti að leyfa hliðarmyndir ákveðinna algengra skammstafana með einum punkti aftast. Þetta gæti til að mynda eingöngu átt við skammstafanir þriggja eða fleiri orða. Færa má rök fyrir því að einn skammstöfunarpunktur nægi til að aðgreina skammstöfun frá orði sem skrifað er fullum fetum. Slíkt hefur til að mynda verið gert í dönsku.⁵ Nokkur dæmi:

⁵ Sjá: <http://sproget.dk/raad-og-regler/Retskrivningsregler/retskrivningsregler/a7-40-60/a7-41-43-punktum/a7-42-forkortelsespunktum>: „(2) Forkortede ordforbindelser

I visse forkortede ordforbindelser kan der sættes forkortelsespunktum efter hele ordforbindelsen eller efter hver ordforkortelse, fx

mfl. el. *m.fl.*

mht. el. *m.h.t.*

mv. el. *m.v.*

a.m.k.	amk.
e.t.v.	etv.
o.s.frv.	osfrv.
t.a.m.	tam.
þ. á m.	þám.
þ.e.a.s.	þeas.

Semikomma

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan. Benda mætti á að semikomma sé ekki notuð á undan upptalningu heldur tvípunktur.

Skástrik

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan.

Spurningarmerki

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan.

Strik

Hér mætti nota sem grunn stytta útgáfu af grein Jóhannesar B. Sigtryggssonar. 2016. [Yfirlit yfir notkun strika í íslensku](#). *Orð og tunga* 18:157–167.

Í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) er ekki fjallað beint um aðgreiningarstrik, þ.e. strik sem auðkenna að fyrri liður sé óaðlagað erlent orð, t.d. *ragtime-tónlist*. Nauðsynlegt að minnast á slíka notkun í kafla um strik.

Svigar og klofar

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan. Bæta þyrfti við umfjöllun um bil á eftir svigum og klofum.

Tilvitnunarkerki (gæsalappir)

Hér þyrfti málnefndin að ræða hvort tilgreina eigi nákvæmlega í reglunum hvernig tilvitnunarkerkin eigi að snúa (íslensk „“) eða gefa það frjálst og leyfa t.d. „enskar“ gæsalappir (“ ”) eða tvíodda (« »). Ákveða þarf hvernig einföld tilvitnunarkerki eiga að snúa (nú: , ‘ sem er e.t.v. ekki heppilegt en sumir vilja hafa vegna samræmis við tvöföldu merkin).

Tjákn

Tjákn (e. *emojis, emoticons*) eru orðin mjög algeng í óformlegum samskiptum og jafnvel formlegum, t.d. tölvupósti. Ætti að fjalla stuttlega um þau?

pga. el. *på gr. af*
th. el. *t.h.*
tv. el. *t.v.*“

Tvívunktur

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan.

Upphrópunarmerki

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan.

Úrfellingarmerki og -punktar

Hér mætti nota kafla í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006) nær óbreyttan. Í auglýsingunni 1974 og ritreglunum frá 2006 er fjallað um úrfellingarpunkta.

Viðbótarkaflar

Innbyrðis afstaða greinarmerkja

Hér mætti nota kaflann *Afstaða tilvitnunarkerkja og sviga til annarra greinarmerkja* í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006:733–734) nær óbreyttan. Bæta þyrfti þó við umfjöllun um afstöðu enn fleiri greinarmerkja. Á til að mynda að vera punktur á eftir tjákni í lok setningar? Getur tvívunktur fylgt á eftir spurningarmerki?

Orðskipting

Ég legg til að umfjöllun um orðskiptingu verði sérkafla. Í ritreglunum frá 2006 er umfjöllun um hana hluti af kaflanum *Bandstrik (Stafsetningarorðabókin, bls. 714 (§93))*. Í *Handbók um íslensku* (2011:148–152) er hins vegar ítarlegur sérkafla um orðskiptingu sem mætti byggja á.

4 Álitamál í sambandi við kommuetningu

4.1

Þennan kafla er erfiðast að semja. Fyrir hendi er þó fullbúinn kafla frá vinnuhópum ÍM sem gott væri að geta nýtt eitthvað. Helsta nýjungin í honum frá núverandi reglum (1974 og 2006) er að gerður er munur á kommuetningu eftir því hvort innskotssetningar eru afmarkandi eða ekki (e. *restrictive* eða *non-restrictive*). Í fyrra tilvikinu eru innskotssetningar afmarkaðar með kommu en annars ekki. Þessi tillaga byggist líklega á reglum um enska kommuetningu.

Það kæmi einnig til greina að fara aðra leið og miða frekar við kommureglur sem notaðar eru annars staðar á Norðurlöndunum, t.d. í Noregi þar sem sátt hefur ríkt um kommuetningu lengi (sjá viðauka).⁶ Í Danmörku hefur á hinn bóginn lengi verið deilt um kommuetningu, þ.e. hvort fylgja eigi hefðbundinni (þýskri) setningakommuetningu eða sleppa kommu á undan aukasetningum. Í núverandi dönskum reglum er val um þetta en fyrri leiðin er miklu algengari.⁷

⁶ Sjá t.d. Bård Borch Michalsen. 2015. *Komma. Kommategnets personlighet, historie og regler*. Juritzen forlag.

⁷ <https://www.bt.dk/danmark/komma-reglerne-kraeves-aendret-danskerne-kan-ikke-finde-ud-af-at-saette-komma>

4.2 Álitamál

Nokkur atriði í núverandi kommuþingum þyrfti Íslensk málnefnd að mynda sér skoðun á. Þetta tengist stundum valkvæði sem lítið er nýtt eða óþarfi:

1. Valkvæð komma á milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna
2. Komma á undan sumum eða öllum aðaltengingum.
3. Kommur til að afmarka innskotssetningar.
4. Komma til að afmarka málsgreinar sem hefjast á aukatengingu.

(1) Valkvæð komma á milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna

Í fyrsta lagi þarf að athuga valkvæði um notkun kommu á milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna. Ekki er fjallað um þetta í auglýsingu um greinarmerkjasetningu frá 1974 en hins vegar er fjallað um slíkt valkvæði í ritreglunum frá 2006 (§111, s. 726–727). Í drögum að reglum um kommuþingum í drögum ritreglna frá 2015 sem vinnuhópar ÍM skiluðu til málnefndarinnar er fjallað á svipaðan hátt um þetta:

22.7 [§111] Kommur eru valfrjálssar milli lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef orðin eru aðeins tvö. Setja skal kommu ef orðin eru þrjú eða fleiri nema á þá staði þar sem samtengingar koma í þeirra stað.

Þarna var gömul góð kona.
Þarna var gömul, góð kona.
Þarna var gömul, góð, gráhærð kona.
Þarna var gömul, góð og gráhærð kona.

Ég sá stóra grimma úlfinn.
Ég sá stóra, grimma úlfinn.
Ég sá stóra, ljóta, grimma úlfinn.
Ég sá stóra, ljóta og grimma úlfinn

Þetta var á köldum heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, björtum, heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, björtum og heiðskírum vetrardegi [...]

Málnefndin þyrfti að taka afstöðu til þess hvort mætti ekki sleppa valkvæði þarna og hafa alltaf kommu (þ.e. *Þarna var gömul, góð kona*).

(2) Komma á undan sumum eða öllum aðaltengingum

Algeng héraend kommuvenja, sem menn hafa komið sér upp, er að setja kommu á undan vissum aðaltengingum. Margir rita t.d. alltaf kommu á undan tengingunni *en*.⁸ Þetta er í samræmi við reglur víða annars staðar, t.d. í Noregi („Komma mellom setninger som er bundet sammen med *og, eller, for og men* (alltid komma foran *men*)“).

Í reglum um kommuvenningu allt frá 1974 hefur hins vegar verið kveðið á um að hvorki séu hafðar kommur á undan aðal- né aukatengingum. Grunnreglan, sem er ágæt, er að annaðhvort sé á undan setningum komma eða tenging. Í drögum að reglum um kommu (2015) er til að mynda fjallað um þetta:

[§108] Komma er einnig notuð þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein. Þá er meginreglan sú að þær eru annaðhvort aðgreindar með kommu eða tengdar með samtengingum.

Að sumu leyti var mjög gaman, að öðru leyti var mjög leiðinlegt.
Að sumu leyti var mjög gaman en að öðru leyti var mjög leiðinlegt.

Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar búðing.
Sumir fengu ís en aðrir vildu frekar búðing. [...]

Ég legg ekki til að núverandi reglum um þetta verði breytt en það er umhugsunarvert hversu margir rita kommu á undan vissum aðaltengingum, sérstaklega *en*.

(3) Kommu til að afmarka innskotssetningar

Mikilvægt er að ÍM taki afstöðu til helstu nýjungarinnar í kommutillögunum frá 2015 sem er undirgrein 22.5 í drögum. Þar er lögð til nokkur breyting á kommuvenningu innskotssetninga og kommuvenningu fækkað. Það er hins vegar spurning hvort sú flokkun innskotssetninga annars vegar í setningar sem hægt er að taka út án þess að merking aðalsetningar breytist (e. *nonrestrictive*) og hins vegar í innskotssetningar sem eru ómissandi hluti af merkingu aðalsetningar (e. *restrictive*) sé of flókin.⁹ Spurning er hvernig gengi að kenna þetta í skólum? Styðjast mætti við það að ef efi er á því hvort eigi að setja kommu utan um innskotssetningar þá sé kommuvenningu sleppt.

Önnur leið væri að útskýra betur þær kommuvenningar sem nú gilda. Útskýra t.d. að innskotssetningar kljúfi aðrar setningar (aðal- eða aukasetningar) en ekki málsgreinar nema sem afleiðing af því og að setningar, þar á meðal innskotssetningar, innihaldi sögn (umsögn):

22.5 Kommu er notaðar til að afmarka innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún felur í sér viðbótarupplýsingar og hægt er að slá svigum utan um hana eða taka hana út án þess að merking aðalsetningarinnar glatist.

⁸ Dæmi um kommu á undan *en*: Baldur Jónsson. 2006. *Þjóð og tunga*, s. 10: „Vorið eftir höfðu stjórnarmenn kynnt sér það, en gerðu engar efnislegar athugasemdir.“

⁹ Svipuð regla er í enskri kommuvenningu. Sjá t.d. *Chicago Manual of Style* (2003:250, §6.39).

Þetta hús, sem var byggt 1920, er elsta húsið við götuna.
Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja.
Gangnamennirnir, sem allir voru reyndir og vel búnir, lögðu af stað árla morguns.
Gömlu hjónunum, sem höfðu búið í húsinu í áratugi, féll þungt að þurfa að flytjast á brott.

Ekki skal afmarka með kómmum innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún er ómissandi hluti af merkingu aðalsetningarinnar og ekki hægt að slá svigum utan um hana.

*Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.
Nemandi sem stundar námið vel mun ná góðum árangri.
Það sem birtist á skjánum er ólæsilegt.
Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.
Ökutæki sem skráð er hér á landi skal færa til almennrar skoðunar árlega.
Í þeim samdrætti sem nú gengur yfir er fráleitt að auka launakostnað fyrirtækjanna.
Lagt er til að útgerðir þeirra báta sem nú stunda veiðar með krókaleyfi geti fengið aflahlutdeild í einstökum tegundum.
Sérfræðingar á ýmsum sviðum er tengjast opinberum innkaupum kynntu nýjungar á fjölsótttri innkauparáðstefnu.*

Sama málsgrein getur haft ólíka merkingu eftir því hvort innskotssetning inniheldur viðbótarupplýsingar sem slá má svigum um, eins og í (a), eða er nauðsynleg fyrir merkingu aðalsetningarinnar, eins og í (b):

- (a) Þingmenn kjördæmisins, *sem fengu boðsmiða*, komu á sýninguna.
= Þingmenn kjördæmisins komu á sýninguna en þeir fengu (allir) boðsmiða.
— innskot með viðbótarupplýsingum
- (b) Þingmenn kjördæmisins *sem fengu boðsmiða* komu á sýninguna.
= Þeir þingmenn kjördæmisins sem fengu boðsmiða komu á sýninguna (en ekki fengu allir þingmenn kjördæmisins boðsmiða).
— innskotssetning tilgreinir þann hóp þingmanna sem komu á sýninguna; innskotssetningin er nauðsynleg til að merking aðalsetningarinnar komist til skila.

Í ritreglum Stafsetningarorðabókar (2006:724–726) er kveðið á um valkvæði í kómmusetningu í innskotssetningum þegar fornöfn eða atviksorð standa næst framan við slíkar setningar:

Þegar önnur fornöfn eða atviksorð standa næst framan við setningar sem fleyga aðrar setningar er valfrjálst hvort þær eru afmarkaðar með kómmum.

Ég, sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár, hef aldrei séð annað eins. • Ég sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár hef aldrei séð annað eins. • [...] Oft, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði. • Oft þegar veðrið er gott sit ég úti í garði. • [...] Nokkrir, sem ég þekki, ætla til Akureyrar í

sumar. • Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar. [...] • Þangað, sem þú ferð, vil ég líka fara. • Þangað sem þú ferð vil ég líka fara.

Þessi regla var nýjung í ritreglunum 2006 og byggðist ekki á neinni grein í auglýsingu um greinarmerkjasetningu 1974. Þar segir aðeins þetta um innskotssetningar og aðeins tilgreint að sleppa eigi kommusetningu á eftir fornöfnum „eins og“ *sá* og atviksorðinu *þar*:

6. gr.

Innskotssetningar.

1. Innskotssetningu, sem fleygar aðra setningu, skal afmarka með kommu, hvort sem um er að ræða aðalsetningu eða aukasetningu.

Dæmi: Árni er, **segir almannarómur**, skáld gott. — Um haustið, **þegar veður tók að versna**, brugðust allar samgöngur.

2. Föst fylgiorð, þar með talin fornöfn eins og **sá (sú, það)** og atviksorðið **þar**, skulu að jafnaði fylgja tilvísunarfornafni og ekki greinast frá því með kommu. Enga kommu þarf að setja á eftir setningunni, sem hefst á fyrr greindum orðum.

Dæmi: **Sá sem** fæst við erfið verkefni verður að leggja hart að sér.

Í ritreglunum 2006 (s. 724) er einnig kveðið á um þetta:

Þó skal aldrei nota kommu til að afmarka tilvísunarsetningar (tengdar með *sem* eða *er*) þegar næst framan við þær stendur fornafnið *sá (sú, það; þeir, þær, þau)* eða atviksorðið *þar*.

Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.

Þeir sem vilja mega koma í boðið.

Hvor þeirra sem er fær samþykki mitt. [...]

Galli við núverandi reglur er að ólíkt er farið með setningar eins og þessar:

Sú kona, sem giftist honum, var fögur.

Konan sú sem giftist honum var fögur.

Sá sem hljóp í hlaupinu í gær varð aftur fyrstur.

Sá maður, sem hljóp í hlaupinu í gær, varð aftur fyrstur.

Tilgangurinn eða viðmiðið með núverandi kommureglum er því frekar óljóst.

Þriðja hugsanlega leiðin væri fara með kommusetningu innskotssetningar eins og gert er í Noregi og að vissu leyti í Danmörku („nýju kommunni“). Samkvæmt norsku reglunum um þetta er alltaf komma á eftir innskotssetningum en ekki á undan (*Boka som lå på bordet, var mi*) nema ef innskotssetningin er ekki afmarkandi (*Direktøren, som hadde vært ute på rangel, møtte ikke opp*). Dæmi um slíka kommusetningu í íslensku:

Sú kona sem giftist honum, var fögur.
Konan sú sem giftist honum, var fögur.
Maður nokkur sem giftist honum, var fagur.
Maðurinn sem lést í gær, dó.

Þessi kommuasetning er hugsanlega dálítið framandi en vendist fljótt. Það yrði auðveldara að kenna hana en núverandi reglur (ein regla í staðinn fyrir þrjár) og misræmi í meðferð innskotssetninga eftir því hvort þær fylgja nafnorði, fornafni eða atviksorði hyrfi.

(4) Komma til að afmarka málsgreinar sem hefjast á aukatengingu

Í setningum, sem hefjast á samtengingu, hefur ekki í neinum reglum um greinarmerkjasetningu frá 1974 verið höfð komma á undan aðalsetningunni sem fylgir á eftir. Sjá til að mynda drög að kafla um kommuasetningu (2015):

22.1 [...] Hafa verður í huga að samtengingar geta lent annars staðar en mitt á milli þeirra setninga sem þær tengja (t.d. fremst í málsgrein) en samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.

Eins og áðan kom fram fellur fundurinn í dag niður.

Þegar veðrið er gott líður mér vel.

Þegar veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

Þegar veðrið er gott og sólin skín glatt og fuglarnir kvaka og sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

Mörgum finnst þó eðlilegt að hafa þarna kommu og þá sérstaklega á undan spurnarsetningu: *Ef hann ætlar í veisluna(,) ættir þú þá ekki að láta sjá þig líka?* (dæmi frá Katrínu Axelsdóttur). Það mætti hugsanlega rökstyðja notkun kommu í slíkum málsgreinum með því að hún auðkenni frávik frá „eðlilegri“ orðaröð.

(5) Hlékomma, skýrleikakomma

Í dönskum, norskum og sænskum reglum um kommu er lögð sérstök áhersla á að grunnur kommuasetningar sé að gera texta skýrari og skiljanlegri („Det tydelige kommaet“, „tydlighetskommatering“, „kommatering ska underlätta läsningen“ o.s.frv.). Baldur Jónsson (2006:9) nefnir þetta í inngangi *Þjóðar og tungu*: „Kommuasetningu hefi ég hagað eftir mínu höfði og haft það að leiðarljósi að *kommur skuli setja til glöggvunar og skilningsauka eins og önnur greinarmerki.*“

Í íslenskum kommureglum frá 1974 er minnst á slíka notkun en ekki lögð áhersla á hana. Sjá t.d. þessa grein í drögum frá 2015 sem eru samhljóða klausu í ritreglunum 2006:

22.8 [§112] Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Heimilt er að nota kommu til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. Slík kommusetning skal þó ekki kennd í skólum eða gilda á skólaprófum.

Hugsanlega mætti gera meira úr þessu skýrleikahlutverki komma í væntanlegum reglum og taka út ummæli um að slíka kommu eigi ekki að kenna í skólum.

5 Yfirlit yfir álitamál

Punktur í skammstöfunum: o.s.frv./osfrv.
Punktur í dagsetningum (3. kafli). Bil eða ekki: 21.11.2017 / 21. 11. 2017
Tilvitnunarmerki (einföld) (3. kafli): Mæla með íslenskum (,) eða bjóða upp á val (einnig ‘ ’) Tilvitnunarmerki (tvöföld) (3. kafli): Eingöngu íslensk („“) eða val um ensk (“ ”) eða aðrar gerðir, t.d. tvíodda (« »). Ætti e.t.v. ekkert að kveða á um útlit þeirra í reglum (varðar frekar týpógrafíu).
Valkvæð komma á milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna (4. kafli). Dæmi: <i>Gamla góða konan / gamla, góða konan.</i>
Komma á undan sumum eða öllum aðaltengingum (4. kafli). Dæmi: <i>Að sumu leyti var gaman(,) en enginn fór þó heim.</i>
Kommur til að afmarka innskotssetningar (4. kafli): a) Fylgja reglum í drögnum frá 2015? Greina á milli afmarkandi og ekki afmarkandi innskotssetninga. b) Nota kommu eingöngu á eftir innskotssetningum (sbr. norskar og danskar kommureglur) nema innskotssetningin sé ekki afmarkandi. Myndi einfalda reglurnar. Dæmi: <i>Maðurinn sem ég hitti, dó í gær. Oft þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði. Sá sem fæst við erfið verkefni, verður að leggja hart að sér.</i> c) Nota núverandi reglur (<i>Stafsetningarorðabókin 2006:723–726</i>): Nafnorð

(innskotssetningar afmarkaðar með kómmum). Fornafnið *sá* (*sú, það, þeir, þær, þau*) eða ao. *þar* (innskotssetningar ekki afmarkaðar með kómmum. Önnur fornöfn eða atviksorð (val um hvort innskotssetningar eru afmarkaðar með kómmum). Dæmi: *Maðurinn, sem ég hittí, dó í gær. Sá sem fæst við erfið verkefni verður að leggja hart að sér. Oft þegar veðrið er gott sit ég úti í garði. / Oft, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði.*

Komma til að afmarka málsgreinar sem hefjast á aukatengingu (4. kafli). Dæmi: *Ef hann ætlar í veisluna(,) ættir þú þá ekki að láta sjá þig líka?*

6 Lokaorð

Efniviður í nær alla kafla er fyrir hendi og frekar lítil vinna nauðsynleg til að semja kafla. Nýta má efnivið úr *Handbók um íslensku* (2011) við samningu kafla. Gera má ráð fyrir um 10–15 daga vinnu.

Íslensk málnefnd þarf einnig að taka tillit til þeirra álitamála, sem nefnd hafa verið hér, áður en lokið verður við reglurnar. Hugsanlega mætti semja tvenns konar ólík drög að kómmusetningu.

Það þarf síðan að ákveða hvort á að auglýsa reglur um greinarmerki sér eða hvort eigi að sameina ritreglurnar og greinarmerkjareglurnar. Eðlilegast er að líta svo á að reglur um greinarmerkjasetningu falli undir ritreglur. Mætti auglýsa sem viðauka við þær, t.d. *Ritreglur Íslenskrar málnefndar. Greinarmerki.*

Ég væri reiðubúinn að semja drög að nýjum reglum um greinarmerki á vorönn 2018 sem hluta af rannsóknartíma mínum hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það yrði líklega fljótlegra en að skipa nefnd í verkið. Ég færi ekki fram á greiðslu fyrir þá vinnu. Æskilegt væri ef ég gæti leitað ráða hjá ritara ÍM, Ágústu Þorbergsdóttur, sem hefur mikið velt fyrir sér reglum um greinarmerki, og fleirum.

Gera þyrfti ráð fyrir kostnaði við prófarkalestur reynds yfirlesara á reglunum sem ætti þó að vera minni en við ritreglurnar 2016 (Katrín Axelsdóttir las þær yfir, kostnaður 124 þ.kr.). Einnig þyrfti að gera ráð fyrir kostnaði við hönnun og umbrot reglna um greinarmerki. 2016 lét Íslensk málnefnd hanna og brjóta um nýjar ritreglur (pdf-skjal, <http://islenskan.is/images/ritreglur-IM-2016.pdf>) og auk þess búa til gerð þeirra til að setja upp á html-síðu (vefsíðu, sjá <http://ritreglur.arnastofnun.is/>)(Sigrún Sigvaldadóttir, heildarkostnaður 150.000 kr.). Nýta mætti þá hönnun við umbrot á reglum um greinarmerki. Kostnaður ætti því að vera minni.

Áætluð lengd reglna um greinarmerki er 25–30 blaðsíður.

Viðauki: Opinberar reglur um kommuasetningu í norsku

(<http://sprakradet.no/sprakhjelp/Skriveregler/Kommaregler/>):

Kommaregler

Husk at vi setter komma for at det skal bli lettere å lese, ikke for at det skal bli vanskeligere å skrive.

Komma mellom setninger som er bundet sammen med *og, eller, for* og *men* (alltid komma foran *men*)

Else skjønte ingenting, men Eva lo hjertelig.

Petter skifta jobb for tredje gang på to år, og Aud fulgte opp med sin andre skilsmisse på to år.

Ikke komma mellom to leddsetninger (bisetninger) dersom subjunksjonen ikke gjentas

Hvis helsa holder og økonomien er i orden, drar vi på ferie til Mexico neste år.

Men:

Hvis helsa holder, og hvis økonomien er i orden, drar vi på ferie til Mexico neste år.

Komma etter leddsetning som står først i en helsetning

Da Else kom, hadde de andre allerede spist.

Komma etter innskutt leddsetning

Boka som lå på bordet, var mi.

Komma også foran innskutt leddsetning som ikke er nødvendig i helsetningen

Direktøren, som hadde vært ute på rangel, møtte ikke opp.

Komma foran og etter forklarende tillegg

Harare, hovedstaden i Zimbabwe, het før Salisbury.

Komma foran og etter tiltaleord, svarord og utropsord

Ole, kan du komme hit?

Kom hit med deg, din gjøk!

Ja, det forstår jeg godt.

Hei sann, den satt!

Komma mellom ledd i oppregning dersom det ikke står noen konjunksjon

Berit, Else, Gerd og Marit

Komma etter anførselstegnet ved ordrett sitat og gjengivelse av utsagn når ytringssetningen kommer etter det siterte

«Jeg kommer på fredag», sa han.